



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Mánudagur , 11. mars 2024

Fundur: 26. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson, Björgvin Víkingsson.

Varastjórn: Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson

Formaður setti fund klukkan 12:00 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun samþykkt. Engin rafrænt afgreidd erindi.

2. Frjálsíþróttaping, lokaundirbúningur

Verið er að leggja lokahönd á undirbúnings 65. Frjálsíþróttapings sem haldið verður 15.-16. mars á Sauðárkróki. Ársreikningur og ársskýrsla eru að verða klár og verða gerð aðgengileg á næstu dögum.

Nokkur umræða skapaðist meðal fundarmanna um þingið en afar dræm skráning hefur verið á það. Í tengslum við þetta var rætt um kosti og galla þess fyrirkomulags sem nú er viðhaft. Það að hafa þingið utan höfuðborgarsvæðisins og að það sé tveggja daga voru þættir sem taldir voru líklegir til þess að draga úr þátttöku. Þó þótti mikilvægt að tryggja að þingið *festist* ekki á höfuðborgarsvæðinu enda félögin mörg og dreifð. Þá var rætt hvort mögulega ætti að bjóða upp á "rafræna þátttöku" á þingi til þess að fá fleiri virka fulltrúa. Engar ákvarðanir voru teknar aðrar en þær að skoða málið fyrir næsta þing.

3. Önnur mál

Formaður og framkvæmdastjóri gáfu stutta skýrslu um ferð á formannafund Norðurlanda frá liðinni helgi.

Fundi slitið kl. 12.40.

